



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Vímuefnaneysla ungmenna frá sjónarhorni íslenskra systkina.

Þátttakendur óskast í rannsókn.

Leitað er eftir þátttakendum í rannsókn af báðum kynjum 18 ára og eða eldri sem hafa alist upp á heimili með systkinum í vímuefnavanda.

Markmið rannsóknar er ætlað að varpa ljósi á mikilvægi stuðnings til systkina unglunga í vímuefnavanda, efla og bæta þekkingu í vímuefnamálum auk þess að nýta niðurstöður til að bæta þjónustu til systkina og foreldra í vímuefnasjúkum aðstæðum.

Lagt verður upp með að kanna hvaða merkingu systkini unglunga með vímuefnavanda setja í aðstæður sínar innan fjölskyldu og hvort einhver bjargráð reyndust vel og þá hvaða. Tilgangur rannsóknar er að auka þekkingu á málefnum barna sem búa við vímuefnavanda systkinis og þeim áhrifum sem það hefur á fjölskylduna.

Rannsóknaraðili er Bryndís Erna Thoroddsen, meistaranemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Ábyrgðaraðili er Freydís Jóna Freysteinsdóttir, dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, Odda við Sturlugötu, 101 Reykjavík. Netfang Freydísar er fjf@hi.is

Rannsókn hefur fengið leyfi Vísindasiðanefndar nr. VSN-15- og verið tilkynnt til Persónuverndar. Fyrirspurnir sendist á beb24@hi.is eða í síma: 7779419

Öll rannsóknargögn eru trúnaðarupplýsingar og verða dulkóðuð. Gætt verður til hins ítrasta að gögn verði ekki rekjanleg til þátttakenda. Ekki verður greitt fyrir þátttöku og ekki er skylt að svara öllum spurningum. Viðtöl verða tekin við fullorðin systkini (18 ára eða eldri) sem hafa átt bróður eða systur í vímuefnavanda og spurt út í líðan og upplifun. Aðeins er tekið eitt einstaklingsviðtal við hvern þátttakanda sem er áætlað að taki 45-60 mínútur. Viðtölin munu fara fram á tímabilinu október-nóvember 2015, og verða hljóðrituð og afrituð orðrétt. Viðtöl munu fara fram á þeim stað sem viðmælendur óska, á heimili þeirra eða þar sem þeim hentar best. Öllum rannsóknargögnum verður eytt að lokinni úrvinnslu. Þeir sem hafa áhuga á frekari upplýsingum eða þátttöku í ofangreindri rannsókn eru beðnir að hafa samband við undirritaða í síma: 777-9419 eða með tölvupósti á netfangið beb24@hi.is. Með því að hafa samband við rannsakanda til frekari upplýsinga er viðkomandi ekki að skuldbinda sig til þátttöku.

Virðingarfyllst,

Bryndís Erna Thoroddsen

Ef þú hefur spurninar um rétt þinn sem þátttakandi í vísindarannsókn eða vilt hætta þátttöku í rannsókninni getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Hafnarhúsinu, Tryggvatöu 17, 101 Reykjavík. Sími: 551-7100, fax: 551-1444, tölvupóstfang: vsn@vsn.is